

Rögnvaldur Sigmundsson gullsmiður í Fagradal

Pór Magnússon

Í athugunum mínum á verkum íslenzkra gullsmiða á síðustu öldum kemur það nokkuð óvænt í ljós, að í Dalasýslu á Vesturlandi hefur kveðið tiltölulega meira að silfursmiðum en víðast annars staðar. Dalasýsla er með minnstu og fámennustu sýslum á Íslandi og sé litið á landgæði þar nú á tímum virðast þau sannarlega ekki meiri en annars staðar um sveitir. En hitt er staðreynd, að fyrr á öldum, og einnig á 18. og 19. öld, voru í Dalasýslu umtalsverð höfuðból þar sem auðugir eignamenn sátu. Það var einkum meðan hin svonefndu hlunnindi voru mjög nytjuð, og voru jafnvel undirstaða búanna. En í Dalasýslu voru víða, einkum á Fells- og Skarðsströnd, umtalsverð hlunnindi, aðallega selveiði, dúntekja og fugl, en einnig gekk þá fiskur inn um allan Breiðafjörð. Sums staðar lágu eyjar undir stórjarðirnar sem juku mjög á hlunnindin, þótt óbyggðar væru, þar sem fuglaveiði var yfirleitt og selveiði og þær jarnframt grösugar, þannig að afla mátti þar drjúgs heyfengs og láta sauðfé ganga þar úti fram eftir vetri.

Sennilegt er, að sú auðsæld, sem var undirstaða ættarauðs víða við Breiðafjörð, og þá ekki sízt í Dalasýslu, eigi sér hér eðlilegar skýringar. Búin voru þá mannmörg og drjúgan mannskap þurfti einmitt til að sinna hlunnindunum og koma afurðum þeirra í mat og verð. Þetta skapaði auð á hinum beztu jörðum og meðal stórbænda þar vestra var fólk, sem vildi halda sig ríkmannlega og birtist það einmitt glöggt í mikilli silfureign víða þar um slóðir.

Rögnvaldur Sigmundsson bóndi í Innri-Fagradal á Skarðsströnd í Dalasýslu er einn hinna dæmigerðu sveitasilfursmiða á Íslandi. Hann var lærður í iðn sinni í Kaupmannahöfn, eins og ekki var



Mynd 1. Bikarar e. Rögnvald Sigmundsson, t. v. Vid. 50, t. h. í eigu Kristjáns Eldjarns.

ótítt um íslenzka silfursmiði fyrrum, og þar sem nokkuð er vitað um nám hans ytra og ýmis verk hans eru þekkt er full ástæða til að kasta nokkru ljósi á þau.

Rögnvaldur Sigmundsson var fæddur 1810, en ekki er vitað um fæðingardag hans. Faðir hans var Sigmundur bóndi og gullsmiður í Akureyjum Magnússon, sonur Magnúsar Ketilssonar sýslumanns í Búðardal á Skarðsströnd, sem var þekktur maður á sinni tíð og stórauðugur. Móðir Rögnvalds var Valgerður Jónsdóttir, prests í Holti í Önundarfirði, Eggertssonar. Stóð því eignafólk að Rögnvaldi og faðir hans að auki gullsmiður og má því ætla, að smíðahneigð hafi verið borin honum í blóð og hann kynnt vel smíðum föður síns í æsku. Ekki er vitað, hvar Sigmundur lærði iðn sína, en ekki virðist hann hafa verið sigldur. Þess verður að geta, að þótt hann sé nefndur gullsmiður í heimildum er þó næsta öruggt, að hann hefur eingöngu fengizt við silfursmíði. Vart er um að ræða smíðar úr gulli á Íslandi fyrrum, en silfursmiðir voru þó venjulegast nefndir gullsmiðir og gerði fólk ekki greinarmun á þessu tvennu í reynd.


Um ævi Rögnvalds framan af er fátt vitað, en hann hefur alizt

upp hjá foreldrum sínum í Akureyjum. Árið 1828, þegar hann er 18 ára eða á 18. ári, er hann kominn til gullsmíðanáms í Kaupmannahöfn. Samkvæmt gerðabók gullsmíðalagsins í Kaupmannahöfn, fundargerð 22. júlí 1828, lætur Henrik Holm gullsmíðameistari, sem var sonur Andreas Holm hins þekkta gullsmíðs, innrita »Rognvald Sigmonsen« í lagið sem lærling hjá sér til 5 ára náms, talið frá 1. janúar 1828. Hins vegar lætur ekkja Holms gullsmíðs, en hann lézt 1829, útskrifa Rögnvald 1832, skv. fundargerð félagsins 14. júlí það ár, og hefur því námstími hans í reynd aðeins verið 4 ár eða í hæsta lagi $4\frac{1}{2}$ ár, sé reiknað með að hann hafi hafið nám sitt 1. jan. 1828 og lokið því um mitt ár 1832. Hann var þá útskrifaður sveinn og sveinsstykkið tóbaksdósir úr silfri, eins og ekki var óalgengt.

Rögnvaldur hefur væntanlega síðan haldið fljótlega heim á æskuslóðir og hann gerist brátt bóndi í Innri- Fagradal. Bjó hann þar frá 1837 og til æviloka, 13. ágúst 1871. Ekki er í rauninni mikið vitað um ævi hans síðan, en hann var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Anna Böðvarsdóttir, prófasts á Melstað, Þorvaldssonar, en síðari kona hans Guðrún Friðriksdóttir, prests í Akureyjum, Eggerz. Þau áttu afkomendur.

Vitað er, að Rögnvaldur var vel efnaður, enda hafði faðir hans verið stórauðugur. Hann hefur þó, eins og aðrir gullsmiðir á þeim tíma, stundað iðn sína í hjáverkum. Hann var í reynd bóndi og gullsmíðina hefur hann vafalaust aðeins fengizt við þegar pöntun lá fyrir hverju sinni. Íslenzkir gullsmiðir höfðu engin tæk á að koma sér upp lager gripa, enda voru bæði staðhættir og efnahagur manna þannig, að gullsmíðaverzlun var nánast óhugsandi. Eitthvað hefur Rögnvaldur gert að því að fara í aðra staði og smíða, að minnsta kosti er vitað, at hann dvaldist um tíma hjá séra Böðvari Þorvaldssyni á Stað í Steingrímsfirði við smíðar.

Íslenzkir gullsmiðir smíðuðu að langmestu leyti kvensilfur á íslenska búninginn, millur, beltispör og stokka eða heil stokkabelti. Í langfæstum tilvikum eru slíkir smáhlutir stimplaðir og því ekki hægt að vita um smíðina ef ekki fylgja óbyggjandi upplýsingar hlutunum. Annað, sem þeir smíðuðu, var einkum borðsilfur, te- og matskeiðar og einstöku smástauþ.



Mynd 2. Tóbakspontur e. Rögnvald Sigmundsson.

Rögnvaldur Sigmundsson er einn hinna fyrstu íslenzku silfur-smíða, sem stimpluðu smíðisgripi sína. Stimpill hans var með upphafsstöfum hans, RS, og er þekktur í tveimur stærðum, sá stærri 6 mm breiður en sá minni 3,5 mm. Sennilegt er, að hann hafi ekki stimplað hina smæstu smíðisgripi sína yfirleitt, eins og venjan var, svo sem kvensilfur, en þó er til eftir hann næla, tvær hálfkúlur með kornsettu víravirki, stimpluð RS.

Rögnvaldur hefur að sjálfsögðu smíðað borðsilfur, þ. e. skeiðar. Í Þjóðminjasafni Íslands eru eftir hann tvær matskeiðar frá 1838 og í einkaeigu er stór súpuskeið með venjulegu skeiðarlagi, frá sama ári. Matskeiðarnar eru með venjulegu empire-lagi, 22 sm að lengd,

stimplaðar 18 RS 38. Á skaftið er grafin blaðflétta, en annars er það slétt, og á matskeiðunum eru fangamörkin EJS og GMD innan í fléttunum, fangamörk séra Eggerts Jónssonar á Ballará (d. 1846) og Guðrúnar Magnúsdóttur konu hans (d. 1843), sem síðar mun getið. Súpuskeiðin er einnig úr búi þeirra hjóna, þótt hún sé ekki merkt þeim.

Íslenzkir silfursmiðir fengust allmjög við að smíða silfurbúnar tóbakspontur. Flestar eru þær úr horni en einnig oft úr tré, mahóní eða brúnsþæni og oftast nær búnar nýsilfri en ekki silfri og því yfirleitt óstimplaðar. Þó eru örfáar silfurbúnar pontur til og þar á meðal ein ágæt ponta í Þjóðminjasafni Íslands eftir Rögnvald, einn vandaðasti gripur hans. Hún er úr rostungstönn, mjög dökkri, sem stafar greinilega af því að tönnin hefur legið lengi í jörðu. Rostungstennur finnast stundum í gömlum fjörükömbum og eru þá orðnar dökkarað lit, hafa tekið lit úr jarðveginum, og hafa þessar tennur á stundum verið hafðar til smíða, til dæmis í tóbakspontur. Lag tannarinnar hentaði vel fyrir hina venjulegu gerð íslenzkra tóbakspontna, sem höfðu lag sitt upphaflega af kýrhorni, sem var hið venjulega efni í pontum. Þessi ponta Rögnvalds er 19,5 sm löng, með silfurbotni og silfurstút, og á hliðum eru víravirkisrósir, hvor með rauðum steini, þ. e. gleri, í miðju. Stimpillinn RS, minni gerðin, er á stútnum. Pontan var upphaflega í eigu Hafliða bónda í Svefn-eyjum á Breiðafirði, Eyjólfssonar (d. 1894).

Rögnvaldur hefur einnig fengizt við korpussmíði, og hún setur hann í rauninni skör hærra en íslenzka gullsmíði yfirleitt á þessum tímum. Korpussmíði mátti heita óþekkt á Íslandi þá nema þegar um smástaup var að ræða eða kaleiksskálar. Eftir Rögnvald er til vínstauþ í Þjóðminjasafni, með bikarslagi, í empire-stíl, úr eigu sr. Ólafs Johnsens á Stað á Reykjanesi (d. 1885), sem var þekktur maður á sinni tíð, mágur og náfrændi Jóns Sigurðssonar. Á því er minni gerðin af stimpli Rögnvalds.

En mesta sérstöðu hafa tvö vínstauþ úr eigu sr. Eggerts Jónssonar á Ballará og konu hans og með stöfum þeirra hjóna og ártalinu 1838 gröfnu á. Guðrún var föðursystir Rögnvalds gullsmíðs. Stauþin eru 7 sm há, slá sér nokkuð út og með brún neðst eins og á síðbarokstauþum, gyllt innan. Fangamörkin og ártalið eru laglega grafin



Mynd 3. Stimpill Rögnvalds Sigmundsson, á vid. 50.

innan í hringkransi á hliðinni og stimpill Rögnvalds, stærri gerðin, tvísettur á botni ásamt ártalsstimplinum 1838. Mynda stimplarnir ferhyrning á botninum. Þótt staup þessi séu ekki stór eru þau líklega stærstu gripir sinnar tegundar, sem íslenzkir gullsmiðir gerðu á þessum tíma, ef frá eru taldir kaleikar, sem íslenzkir gullsmiðir smíðuðu nokkuð alla tíð. Annað staupið er í einkaeigu en hitt í Þjóðminjasafni.

Það eru einkum þessi staup og súpuskeiðin stóra, auk pontunnar, sem bera vitni ágætri smíðakunnáttu Rögnvalds Sigmundssonar. Er greinilegt á öllu, að hér hefur verið að verki maður, sem hefur hlotið góða menntun í iðn sinni, bæði ber fallett lag vitni um það, góður gröftur á staupunum og gyllingin innan í þeim, en íslenzkir gullsmiðir fengust yfirleitt ekki við að gylla á þeirri tíð. Væri óhugsandi, að þessir gripir væru eftir ólærðan gullsmið á þessum tímum.

Rétt er í þessu sambandi að minnast lítillega á séra Eggert Jónsson og silfur hans. Séra Eggert var kvæntur föðursystur Rögnvalds, svo sem fyrr getur. Hann var auðmaður en ekki vinsæll, enda átti hann í erjum og málaferlum við skylda og vandalaus. Er þau mál alþekkt vegna bóka séra Friðriks Eggerz í Akureyjum, sonar séra Eggerts, Úr fylgsnum fyrri aldar, I—II, sem er ævisaga þeirra feðga og mjög fjallað um þessi mál öll.

Auðmenn á þessum tíma ávöxtuðu einkum fé sitt í jarðeignum, og það gerði séra Eggert einnig, en hann hefur líka haft yndi af fögnum gripum. Hann hefur eignast margt mjög góðra silfurgripa, látið smíða þá sérstaklega eða keypt. Þetta var einnig aðferð til að festa fé.

Í ævisögunni segir sr. Friðrik, að Eggert hafi látið smíða í Kaupmannahöfn stóra silfurtarínu. Í henni voru 14 lóð silfurs og hún vó sjálf 912 lóð, en 5 dúkatar fóru til gyllingarinnar. Hún var skreytt myndum af selum og æðarfugli, en selskinn og sellýsi svo og æðardúnn hafa ekki sízt staðið undir auði séra Eggerts. Margt fleira telur sr. Friðrik upp af silfri í eigu foreldra sinna og er þar þó ekkert af því, sem nú er þekkt.

Tarínan stóra er nú í Þjóðminjasafninu, smíðuð af Carl Peter Foght gullsmíðameistara í Kaupmannahöfn 1838 og er langstærsta verk hans, sem nú er þekkt, einstaklega veglegur gripur að þeirrar tíðar hætti. En 1838 hefur verið sannkallað silfurár á Ballará, því að frá því ári eru einmitt þeir aðrir silfurgripir, sem nú eru þekktir úr eigu þeirra hjóna Eggerts og Guðrúnar, bikararnir tveir, matskeiðarnar og súpuskeiðin eftir Rögnvald, og einnig hefur það ár bætzt í búið stór ausa eða púnsskeið eftir Cort Legan Rasmussen frá 1793. Ofan á skaftið eru punktuð nöfn þeirra hjónanna og ártalið 1838.

Fyrir er þess getið, að óvíða hafi gullsmiðir verið jafnvíða á 19. öld og í Dalasýslu. Þess verður greinilega vart, að gullsmíði liggur þar í ættum. Faðir Rögnvalds, Sigmundur Magnússon, var gullsmiður, svo sem fyrir segir, og svo var um systurson Rögnvalds, Hákon Oddsson á Kjallaksstöðum. Líklegt er, að hann hafi lært hjá Rögnvaldi frænda sínum, en um þennan þátt verður vonandi unnt að fjalla á öðrum vettvangi.

SUMMARY

Rögnvaldur Sigmundsson, goldsmith at Fagradalur in Dalasýsla, Iceland, was one of those Icelanders of the 19th century who went to Copenhagen and learned the Trade of goldsmithry. He was born 1810 and died 1871. In the year 1828 he arrives at Copenhagen and becomes apprentice with Henrik Holm,

a master in the Trade of goldsmithry. He received a certificate in 1832 and in that year he went to Iceland where he became farmer and goldsmith.

He is shown as first- rate goldsmith through various objects known to be of his making. Among things from his hand there exist two big cups of silver from the year 1828, an unusual produce among Icelandic silversmiths, a big soup spoon, spoons and a snuff-horn of excellent make which is in walrus tusk and furnished with silver mounts. Most of these objects are in the National Museum of Iceland but some are private property.

Most of the objects which are known to be of his making are fashioned for the same people, the Rev. Eggert Jónsson of Ballará in Dalasýsla and his wife Guðrún Magnúsdóttir. They were wealthy people who cherished beautiful things and their home has possessed much silver. In Dalasýsla there were relatively more goldsmiths than in any other part of Iceland during the 19th century. This has no doubt been due to the fact that the district had at that time wealthy homes and families who had silver objects of good quality made for themselves. There working in silver even went down in families and it was not unusual that son learned from father. Silversmithry, however, was only an extra occupation, the main trade was always agriculture.